
HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?



Kjarvalsstaðir:


Sýning á nýjum verkum í eigu Reykjavíkurborgar

Á morgun verður opnuð sýning að Kjarvalsstöðum á listaverkum í eigu Reykjavíkurborgar, sem keypt hafa verið á árunum 1980—1983, samtals 80 verk.

Árið 1980 var borgarfulltrúum í stjórn Kjarvalsstaða falið að annast innkaup listaverka fyrir Reykjavíkurborg, og var samtímis farið að veita ákveðna upphæð til listaverkakaupa.

Listráðunauti Kjarvalsstaða var falin framkvæmdin, svo og skráning og umsjá listaverkanna. 80 verk hafa verið keypt á þessu tímabili. Í stjórn Kjarvalsstaða 1980 voru Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Davíð Oddsson. Þau keyptu helming verkanna á sýningunni, þ.e. nr. 1—41 í skrá. Á miðju ári 1982 tóku við stjórn Einar Hákonarson, Hulda Valtýsdóttir og Guðrún Erla Geirsdóttir. Þau keyptu verk nr. 42—80.

Á sýningunni eru málverk, teikningar, grafíkverk, vefnaður og skúlptúr. Guðmundur Benediktsson og Stefán Halldórsson undirbjuggu og settu sýninguna upp í samráði við listráðunaut Kjarvalsstaða. Sýningin verður opnuð kl. 14.00 á laugardaginn kemur, 23. júlí, og verður síðan opin daglega kl. 14—22 fram til 21. ágúst.



LEIKLIST

„Skáld Rósa" á Hornafirði

Leikfélag Hornafjarðar sýnir leikritið „Skáld Rósa" eftir Birgi Sigurðsson á Höfn í Hornafirði kl. 15.00 á sunnudag.

Verður þetta eina sýningin en hópurinn leggur brátt land undir fót og fer með sýninguna til Noregs.



„Söngur Marjöttu"–Finnskur gestaleikur í Félagsstofnun

Finnskur áhugamannaleikhópur sem nefnir sig „Amatorteatergruppen från Jonesuu" sýnir á morgun kl. 20.30 í Félagsstofnun stúdenta leikinn „Söngur Marjöttu" eftir Pirrko Jaakola, sem kemur með hópnum. Leikstjóri er Tuire Hindikka, en tónlist annast Esa Helasvuo og Kari Mikkonen.

Leikritið byggir á goðsögninni um Don Juan en konan Marjatta kemur í stað karlsins, Don Juan. Er hún eigi ósnortin af töfrum pilta, elskar þá alla og dregur á tálar.

Söngurinn verður aðeins sýndur í þetta eina sinn í Reykjavík, en hópurinn er nú í leikför um landið.



Anna Elísabet Borg og Kristín G. Magnúsdóttir í hlutverkum sínum.

Ný uppfærsla á Light Nights í Tjarnarbíói

Sýningar á dagskrá Ferðaleikhússins, ætlaðar erlendum ferðamönnum, verða í Tjarnarbíói í kvöld, laugardagskvöld, og sunnudagskvöld.

Hefjast sýningarnar kl. 21.00, en þær eru byggðar á íslensku efni og fluttar á ensku. Undanskilið er þó efni sem felur í sér þjóðlagatexta og lausavísur.

Allt talað efni er flutt af Kristínu G. Magnúsdóttur, leikkonu.



MEÐ Í FERÐALAGIÐ

ALLI OG HEIÐA

Hljómplata eða kassetta og bók með textum og myndum

BÓKIN FYLGIR ÓKEYPIS

Þetta er kassettan sem börnin hlusta á um leið og þau skoða bókina og eru róleg í aftursætinu, svo að allir njóti ferðalagsins

FRÓÐLEGT FJÖRUGT OG SKEMMTILEGT BARNAEFNI

